

## Minnisblað

### Trúnaðarmál!

Til: Skoðunarnefndar skilanevndar Kaupþings

Frá: Innri endurskoðun

**Varðar: Viðskiptastöðu Kevin Stanford (KS) við Kaupþing banka hf.**

### DRÖG

#### 1. Samantekt

KB keypti lán KS frá KBLux þann 03.10.2008 að upphæð GBP 250.479.170,38. Skilanevnd gerði samkomulag við KS þann 13.03.2009 þar sem KS tekur að sér að aðstoða KB við vörumerkin Aurora og All Saints. Samkvæmt samkomulaginu mun KS einnig veita upplýsingar og aðstoða við flutning veðsettra eigna til KB. Þann 19.09.2008 veitti KB KS peningamarkaðslán til að fjármagna 17.300.000 hluti í Kaupþingi sem KBLux hafði séð um kaup á. Lánsupphæð í dag er 12,5ma. Lánið er í vanskilum.

Gjaldmiðlaskiptasamningur GBP 1.370.600 er í vanskilum.

#### 2. Lán flutt frá KBLux

Kevin Stanford var með fyrirgreiðslu hjá KBLux, Secured Investment Line Agreement að upphæð GBP 295.000.000 með tryggingum í skráðum og óskráðum félögum. Ákveðið var í september 2008 að færa þessa fyrirgreiðslu til KB með því að KB yfirtæki lánasamninga við Kevin.

Á fundi lánanevndar stjórnar þann 25. og 26. september sl. var samþykkt heimild til þess að flytja lánin frá KBLux til KB.

Flutningurinn er í þrennu lagi:

100977	GBP	193.073.210,69
101989	GBP	25.372.578,24
200069	GBP	32.033.381,45
<b>Samtals</b>	<b>GBP</b>	<b>250.479.170,38</b>

Upphæðin greidd KBLux út af reikningi 300-38-200100 í eigu KB.

KB gerði veðkall þann 23.10.2008 og krafði KS um GBP 73.200.633 þar sem tryggingar uppfylltu ekki lengur lánasamninginn. Gefin var frestur til 29.10.2008 til þess að greiða.

#### 3. Framvirkur samningur

Gjaldmiðlaskiptasamningur nr. 44132 milli KB og KS var á gjalddaga 03.06.2008, GBP 1.375.600 (ISK 207m).

Hann stendur ógreiddur af hendi KS.

#### **4. Peningamarkaðslán**

Samkvæmt tölvupóstum Guðmundar Þ Gunnarssonar (GÞG) keypti Kaupthing Lux 17.300.000 hluti í Kaupþingi á tímabilinu 7/8-11/8 2008 með value date 18/8 2008.

KBLux rukkar GÞG um „funding“ á þessum kaupum og þeirra tilvísun er viðskiptamannanúmer Kevins Stanfords hjá KBLux.

KB lánaði KS peningamarkaðslán 18.08.2008 með framlengingum til 31.10.2008, ISK 12,4ma. Lánið var greitt inn á reikning KBLux hjá KB með tilvísun í viðskiptamannanúmer KS. MM lánið er greitt út 19/8 og heildarupphæð lánsins passar við það sem Lux gefur upp.

Lux virðist vera skráð fyrir bréfunum því KS er ekki skráður fyrir neinum bréfum í Kaupþingi. Ekki hægt að sjá að tekið sé handveð í þessum bréfum.

KBLux er talið eiga rúmlega 38m hluta í Kaupþingi á safnreikningi Arion þann 8/10 2008.

#### **5. Ábyrgð fyrir Materia Invest ehf.**

KS er ábyrgðamaður með tveimur öðrum (Þorsteinn M Jónssyni og Magnúsi Ármann) fyrir láni nr. 0358-35-002675 sem Materia Investment ehf. tók árið 2005 hjá bankanum að upphæð 4,2ma. Upphæð lánsins í dag er ISK 7,5ma. Hver er í ábyrgð fyrir um 5,7% af láninu. Í dag er KS því í ábyrgð fyrir 428m.

KB sendi KS tilkynningu 23.10.2008 um að lánið væri í vanskilum og krafði hann um greiðslu að upphæð upphaflega ISK 240m.

#### **6. Samkomulag KS og KB frá 13. mars 2009**

KB gerði samkomulag við KS dagsett 13.03.2009. KB fékk veðsettar eignir KS í óskráðum bréfum, en KBLux skráð bréf.

Hér að neðan er samantekt Arnaldar Jóns Gunnarssonar og Arnars Sch. Þorsteinssonar um samkomulagið sem gert var við Kevin Stanford.

##### Background

Kaupthing Bank acquired the GBP 295m Secured Investment Line Agreement („SILA“) originally made between Kaupthing Bank Luxembourg SA as the lender and Kevin Stanford as borrower. Kaupthing Bank consequently acquired pledge over certain assets among them a pledge over all shares in All Saints that belonged to Kevin Stanford.

Pursuant, Kaupthing Bank and Kevin Stanford entered into arrangement relating to the Pledged Assets as set out in Deed of Undertaking dated 13 March 2009.

The Deed of Undertaking furthermore sets out the relationship structure between Kevin Stanford and Kaupthing between each other and vis-à-vis All Saints. In a short summary, Kevin Stanford agreed that Kaupthing could take over the pledges according to the SILA and would provide assistance in regard to the pledged assets as well as the operation of All Saints. In return Kaupthing Bank would refrain from making him bankrupt (not explicitly stated it seems) and he could also continue to serve on the board of All Saints.

The following documents form the Transaction Documents (as defined in the Deed of Undertaking):

Deed of Undertaking	13 March 2009, attached
Secured Investment Line Agreement	27 September 2006, attached
Shareholders' Agreement	13 March 2009, attached
Investment Agreement	15 December 2006, not attached
Kaupthing POA	13 March 2009, attached

Kevin Stanford Service Agreement not attached  
Kevin Stanford Transfer Documents Various corporate docs, cf. article 4.1. of the Deed of Undertaking.

## Abstract

According to the Deed of Undertaking:

- Kevin Stanford declared his interests and confirmed his debt to the Bank. Kevin also confirmed that the pledges are valid and that he is aware that Kaupthing Bank was appropriating the pledges.
- Kevin Stanford undertook to assist in transferring the pledged assets to Kaupthing Bank.
- Kevin Stanford undertook to provide information about the pledged assets, documents related to those and information relating to himself, All Saints and any liabilities and assets of Kevin Stanford.
- Kevin Stanford shall execute all documents as reasonably required and ensure that All Saints acts as Kaupthing Bank reasonably requires.
- Kevin Stanford shall notify of any petitions for bankruptcy and statutory demands.
- Kaupthing Bank will reduce the debt of Kevin Stanford in accordance with the pledged assets which Kaupthing Bank enforces and appropriates. Such deduction shall however only take place on sale of the assets or if Kaupthing Bank is required to value the assets.
- Kevin Stanford shall assist with the Aurora and All Saints brands.
- Many non-compete clauses (Restrictive Covenants). The clauses are valid for minimum two years from the completion of the contract and one year following his departure from All Saints.

**7. Nauðasamningar (IVA)/gjaldþrot**

KB á í viðræðum við KS um IVA. General Capital Finance Limited (GCFL) hefur krafist KS um greiðslu GBP 19.398 (statutory demand). Þann 24.07.2009 getur GCFL tekið málið áfram og fari fram á gjaldþrot KS. Áætlað er að það taki u.þ.b. 6 vikur að fá úrskurð dómara um að taka KS til gjaldþrotaskipta.

**Niðurstaða:**

1. KS hefur brotið samkomulag frá 13.03.2009 þar sem hann lét KB ekki vita af greiðslukröfu (Statutory Demand) frá GCFL.
2. Vanskil á peningamarkaðsláni ISK 12,5ma
3. Vanskil á gjaldmiðlaskiptasamningi GBP 1.370.600

Allar frekari upplýsingar liggja fyrir hjá innri endurskoðun.